

REGLUGERÐ

um fasteignamat í Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.

Fasteignaskatt í Helgafellssveit skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

24. marz 1966.

Nr. 67.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

I. RAFORKA

1. Ljós.

- 1.1. Um KWst.mæli á 560 aurar/KWst.
- 1.2. Um KWst.mæli á 280 aurar KWst. auk fastagjalds er nemi 15 kr./m² á ári í rúmi því, er lýsa skal.
Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og og skrifstofum, en fyrir ganga og geymslur 7 kr./m².

2. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um KWst.mæli 135 aurar KW/st. auk fastagjalds 12 kr./mán. af hverju íbúðarherbergi. Mælaleiga af einum mæli falli þá niður. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi þvottahús og geymslur. Herbergi, sem er minna en 7 fermetrar, skal telja sem hálf, þó þannig, að eigi skal greiða fastagjald af herbergjum, sem eru minni en 5 fermetrar. Herbergi, sem eru stærri en 25 fermetrar, skal telja sem tvö.

3. Vélanotkun.

- 3.1. Um KWst.mæli á 280 aurar/KWst.
- 3.2. Um afl- og orkumæla þannig reiknað: aflgjald af notuðu afli kr. 1400 KW/ári orkugjald af allri notkun 40 aurar KW/st.
Notað afl hvers almanaksárs telst vera meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestrar fari fram með sem jöfnustu millibili, en þó eigi skemur en eins mánaðar. Aflnotkun mælist sem meðalág yfir stundafjórðung. Minnsta aflgjald skal vera kr. 7000 á ári. Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja alla raforkunotkun atvinnufyrirtækja, sjúkrahúsa, heimavistarskóla og annarra slíkra staða gegn greiðslu fastagjalds af ljósanotkun.
- 3.3. Um KWst.mæli á 130 aurar/KWst., enda sé vélaafl meira en 16 KW.